

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG ANNARRA AÐILA
SEM ÞAÐ HEFUR SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

VEGNA

FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA

GILDISTÍMI:

1. APRÍL 2023 TIL 31. MAÍ 2024

EFNISYFIRLIT

1 KAUP

1.1	MÁNAÐARLAUN	3
1.7	ANNARUPPBÓT	3

15 GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR 4

15.1	GILDISTÍMI	4
15.2	SAMNINGSFORSENDUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA.....	4

BÓKANIR

ELDRI BÓKANIR	5
---------------------	---

FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR 6

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR	6
FYLGISKJAL 6: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN	7

INNGANGUR

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Þeir starfsmenn sem heyra undir kjarasamning þennan hafa réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar er m.a. fjallað um sérstöðu opinberra starfsmanna, samningsrétt stéttarfélagsins og verkfallsrétt.

1 KAUP

1.1 MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.1 breytist og hljóði svo:

1.1.1 Föst mánaðarlaun

Föst mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflu A-1 í fylgiskjali 1, gildistími: 1. apríl 2023 til 31. maí 2024.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Þeir starfsmenn sem við undirritun þessa samnings eru á fyrirfram greiddum launum eiga rétt á að halda því fyrirkomulagi.

Grein 1.1.4 breytist og hljóði svo:

1.1.4 Önnur laun er starfinu fylgja

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar.
- reglubundinnar yfirvinnu og geta komið í stað tímakaups í yfirvinnu skv. gr. 1.4.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Á samningstímanum hækka önnur laun um 5% þann 1. apríl 2023.

1.7 ANNARUPPBÓT

Grein 1.7.1 breytist og hljóði svo:

1.7.1 Kennari í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hverrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma. Við útreikning annaruppbótar er miðað við að haustönn sé 4,25 mánuðir og vorönn 5,25 mánuðir.

Annaruppbót 1. júní 2023 kr. 100.800,-

Annaruppbót 1. desember 2023 kr. 100.800,-

15 GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

15.1 GILDISTÍMI

Grein 15.1 breytist og hljóði svo:

- 15.1.1 Samningur þessi um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila gildir frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

15.2 SAMNINGSFORSENDUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA

Grein 15.2 breytist og hljóði svo:

- 15.2.1 Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 2. júní 2023. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 15:00 þann 2. júní 2023 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 26. maí 2023.

F.h. samninganefndar Sambands
Íslenskra sveitarfélaga með fyrirvara
um samþykki stjórnar.

F.h. Félags grunnskólakennara með
fyrirvara um samþykki félagsmanna.

BÓKANIR

ELDRI BÓKANIR

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi bókanir haldi gildi sínu á samningstímanum:

BÓKUN 1 [2022]

Innleiðingarhópur, sveigjanlegt vinnumhverfi / fjarvinna

BÓKUN 2 [2022]

Leiðsagnarkennarar

BÓKUN 3 [2022]

Starfshópur um launatöflu og upptöku persónuálags vegna kennsluferils

BÓKUN 4 [2022]

Stundakennarar

BÓKUN 5 [2022]

Heimild til að sinna trúnaðarstörfum fyrir stéttafélag

BÓKUN 1 [2020]

Mismunandi meðferð vegna aldurs

BÓKUN 2 [2020]

Endurskoðun 13. kafla

FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla A-1, gildistími: 1. apríl 2023 til 31. maí 2024.

Félag grunnskólakennara										
LAUNATAFLA A-1										
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024										
	Launa- flokkur	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
Leiðbeinandi 1	226	526.727	537.262	547.796	558.331	568.865	579.400	589.934	600.469	611.003
	227	537.444	548.193	558.942	569.691	580.440	591.188	601.937	612.686	623.435
Leiðbeinandi 2	228	548.478	559.448	570.417	581.387	592.356	603.326	614.295	625.265	636.234
Leiðbeinandi 3			571.016	582.047	593.016	604.038	615.113	626.242	637.427	648.672
Leiðbeinandi 4	229	559.850	571.047	582.244	593.441	604.638	615.835	627.032	638.229	649.426
	230	571.562	582.993	594.424	605.856	617.287	628.718	640.149	651.581	663.012
	231	583.622	595.294	606.967	618.639	630.312	641.984	653.657	665.329	677.002
	232	596.044	607.965	619.886	631.807	643.728	655.648	667.569	679.490	691.411
Grunnskólakennari	233	608.838	621.015	633.192	645.368	657.545	669.722	681.899	694.075	706.252
Danskennari			634.459	646.900	659.340	671.781	684.221	696.661	709.102	721.542
Umsjónarkennari	235	635.596	648.308	661.020	673.732	686.444	699.156	711.868	724.579	737.291
Sérkennari			661.020	673.732	686.444	699.156	711.868	724.579	737.291	750.002
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	649.577	662.569	675.560	688.552	701.543	714.535	727.526	740.518	753.509
	237	663.981	677.261	690.540	703.820	717.099	730.379	743.659	756.938	770.218
Náms- og starfsráðgjafi 2	238	678.812	692.388	705.964	719.541	733.117	746.693	760.269	773.846	787.422
Verkefnisstjóri 1			705.964	719.541	733.117	746.693	760.269	773.846	787.422	801.003
	239	693.746	707.621	721.496	735.371	749.246	763.120	776.995	790.870	804.745
	240	709.008	723.188	737.369	751.549	765.729	779.909	794.089	808.269	822.450
Verkefnisstjóri 2	241	724.606	739.099	753.591	768.083	782.575	797.067	811.559	826.051	840.543
	242	740.548	755.359	770.170	784.981	799.792	814.603	829.414	844.224	859.035
	243	756.840	771.977	787.113	802.250	817.387	832.524	847.661	862.797	877.934
	244	773.490	788.960	804.430	819.900	835.370	850.839	866.309	881.779	897.249
	245	790.507	806.317	822.127	837.938	853.748	869.558	885.368	901.178	916.988
	246	807.898	824.056	840.214	856.372	872.530	888.688	904.846	921.004	937.162
	247	825.672	842.185	858.699	875.212	891.726	908.239	924.753	941.266	957.780
	248	843.837	860.714	877.590	894.467	911.344	928.220	945.097	961.974	978.851
	249	862.401	879.649	896.897	914.145	931.393	948.641	965.889	983.137	1.000.385
	250	881.374	899.002	916.629	934.256	951.884	969.511	987.139	1.004.766	1.022.394
	251	900.764	918.780	936.795	954.810	972.825	990.841	1.008.856	1.026.871	1.044.887
	252	920.581	938.993	957.404	975.816	994.228	1.012.639	1.031.051	1.049.462	1.067.874
	253	940.834	959.651	978.467	997.284	1.016.101	1.034.917	1.053.734	1.072.551	1.091.367
	254	961.532	980.763	999.994	1.019.224	1.038.455	1.057.685	1.076.916	1.096.147	1.115.377
	255	982.686	1.002.340	1.021.993	1.041.647	1.061.301	1.080.955	1.100.608	1.120.262	1.139.916

FYLGISKJAL 6: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN

Yfirlýsing og verkáætlun á gildistíma kjarasamninga 2023 til 2024.

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á lagginnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélag líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. Innleiðingarhópur aðila starfar áfram á samningstímanum.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu */ Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	Vinna þegar hafin	31. ágúst 2023

* sbr. bókun 4 (2022) Stundakennarar

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Eftirfarandi mál verða til umræðu milli aðila í aðdraganda næstu kjarasamninga:

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Aðilar eru sammála um að samstarfsnefnd verði falið að ræða hvernig greina megj þróun og árangur af breytingum í starfsumhverfi og starfsaðstæðum kennara, þ.m.t. þá þætti starfsins sem kunna að valda álagi.	Við undirskrift samnings	15. desember 2023
Aðilar eru sammála um að starfshópi sbr. bókun 3 verði falið að skoða mat á starfsreynslu grunnskólakennara, þ.m.t. með hvaða hætti best sé að meta fjölbreytta starfsreynslu kennara.	Við undirskrift samnings	15. desember 2023
Samstarfsnefnd vinni áfram að útgáfu á vinnuskýrsluformi.	Er í vinnslu	15. júní 2023

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu samningsmarkmið aðila liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.